

Snjóflóð á Íslandi veturinn 2020–2021

Minney Sigurðardóttir
Óliver Hilmarsson
Heiður Þórisdóttir

Snjóflóð á Íslandi veturinn 2020–2021

Minney Sigurðardóttir
Óliver Hilmarsson
Heiður Þórisdóttir

LYKILSÍÐA

Skýrsla nr. 2022-007	Dags. Október 2022	ISSN 1670-8261	Dreifing: Opin <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð <input type="checkbox"/>
			Skilmálar:
Heiti skýrslu: Snjóflóð á Íslandi veturinn 2020–2021			Upplag: 15 Fjöldi síðna: 101
			Framkvæmdastjóri sviðs: Ingvar Kristinsson
Höfundar: Minney Sigurðardóttir, Óliver Hilmarsson og Heiður Þórisdóttir			Verkefnisstjóri: Óliver Hilmarsson
			Verknúmer: 4351-0-0001
Gerð skýrslu/verkstig:			Málsnúmer: 2022-0102
Unnið fyrir:			
Samvinnuaðilar:			
Útdráttur: Veturinn 2020–2021 var nokkuð hagstæður, þá einna helst suðvestanlands, þar var tiltölulega hlýtt, þurr og óvenju snjólétt en heldur úrkomusamara var norðaustanlands. Gríðarlega áköf úrkoma var á Austfjörðum dagana 14.–18. desember og féll hún sem rigning á láglendi en snjócoma til fjalla. Miklar aurskriður féllu í rigningunni, sú stærsta á Seyðisfirði þann 18. desember. Seinni hluta janúar féllu allmörg stór flóð en dagana 18.–28. janúar var viðvarandi norðanátt með skafrenningi og eljum eða samfelldri snjókomu á norðurhelmingi landsins. Óvissustigi var lýst yfir í þremur landshlutum og grípa þurfti til rýminga í nokkrum bæjum. Frá kvöldi 13. febrúar þar til að morgni 15. febrúar var úrkomusamt á Austurlandi, sérstaklega á sunnanverðum Austfjörðum. Fyrir var talsverður snjór til fjalla og féllu ofanflóð af ýmsu tagi á Austurlandi, bæði vot snjóflóð, krapaflóð og skriður. Á landsvísu var fjórum sinnum lýst yfir óvissustigi vegna snjóflóðahættu og í fjögur skipti þurfti að grípa til rýmingar. Alls voru skráð 13 snjóflóð af mannavöldum sem féllu í janúar og fram í maí vegna skíðamanna, göngufólks, vélsleða og troðara. Engin alvarleg slys urðu á fólki. Alls voru skráð 89 snjóflóð sem féllu á vegi landsins frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.			
Lykilorð: Snjóflóð, snjóalög, tíðarfar, snjóflóðaaðstæður, snjódýptarmælingar, snjóflóðavakt, snjóflóðahrinur, snjóflóðaannáll, annáll		Undirskrift framkvæmdastjóra sviðs:	
		Undirskrift verkefnisstjóra:	
		Yfirfarið af: SG	

Efnisyfirlit

MYNDASKRÁ	6
TÖFLUSKRÁ	7
1 INNGANGUR.....	8
2 ÁRSYFIRLIT OFANFLÓÐAVAKTAR.....	8
2.1 September.....	8
2.2 Október.....	8
2.3 Nóvember.....	10
2.4 Desember.....	11
2.5 Janúar	13
2.6 Febrúar	16
2.7 Mars	17
2.8 Apríl	19
2.9 Maí	20
2.10 Júní.....	20
2.11 Júlí.....	20
2.12 Ágúst.....	21
3 SNJÓFLÓÐAYFIRLIT OG VÖKTUN SNJÓFLÓÐAHÆTTU	22
3.1 Skráning snjóflóða	22
3.2 Snjóflóðahrinur vetrarins	22
3.3 Óvissustig og rýmingar	23
3.4 Snjóflóð á vegi	24
3.5 Snjóflóð af mannavöldum	27
3.6 Snjóflóðadýptarmælingar.....	28
4 HELSTU SNJÓFLÓÐ VETRARINS	30
4.1 Skarðsdalur, Illviðrishnjúkur 20. janúar 2021.....	30
4.2 Stekkjarnes í Dalsmynni 21.–22. janúar 2021	32
4.3 Smiðsgerði 23. janúar 2021.....	34
4.4 Þrastarstaðir 24. janúar 2021	36
4.5 Harðskafi 25. janúar 2021	38
4.6 Hólmgerðarfjall 25. janúar 2021	40
HEIMILDIR	43
VIÐAUKI II. STÆRÐARFLOKKUN SNJÓFLÓÐA	47
VIÐAUKI III. SKRÁÐ SNJÓFLÓÐ VETURINN 2020–2021	48

Myndaskrá

Mynd 1. Grjóthrun við Súðavíkurhlíð.....	9
Mynd 2. Aurskriða við Gilsá. Skriðan stöðvaðist skammt frá íbúðarhúsi við Gilsá II.	10
Mynd 3. Snjóflóð ofan Ólafsfjarðarveggar 21. nóvember.	11
Mynd 4. Snjóflóð við Ólafsfjarðarveg sem féll þann 20. desember.....	12
Mynd 5. Snjóflóðið í Skarðsdal eyðilagði skíðaskála, gáma og tæki.....	14
Mynd 6. Snjóflóðið í Hólmgærðarfjalli 25. janúar. Fyrir miðju neðst í flóðinu sést glitta í aðstöðuhús.	15
Mynd 7. Krapaflóðið við Hjarðarhlíð í Skriðdal hreif með sér heyrúllur ofan við hlöðuna.	17
Mynd 8. Við miðja mynd má sjá snjóflóðið sem skíðamaður setti af stað í Búðarhyrnu við Hnífsdal þann 29. mars.....	18
Mynd 9. Starfsmenn Veðurstofunnar mæla og skoða aðstæður við flóðið í Skálafelli eftir að skíðamaður setti af stað flóð og grófst en var bjargað fljótt af ferðafélaga.....	19
Mynd 10. Skriðan í Varmahlíð.....	21
Mynd 11. Snjódýpt í Tröllagili ofan Neskaupstaðar veturinn 2020–2021.....	29
Mynd 12. Snjódýpt ofan Siglufjarðar veturinn 2020–2021.....	29
Mynd 13. Snjódýpt í Traðarhyrnu í Bolungarvík veturinn 2020–2021.....	30
Mynd 14. Útlínur snjóflóðsins í Skarðsdal 20. janúar.....	31
Mynd 15. Altjón varð á skíðaskála og geymslugámum og einnig varð tjón á troðara.....	31
Mynd 16. Uppsöfnuð úrkoma og hiti á Siglufirði og Ólafsfirði og vindhraði og vindátt úr Grímsey dagana 14.–22. janúar.....	32
Mynd 17. Útlínur snjóflóðsins við Stekkjarnes 21.–22. janúar.....	33
Mynd 18. Stórtjón varð á sumarbústaðnum Stekkjarnesi.....	33
Mynd 19. Uppsöfnuð úrkoma og hiti á Akureyri og vindhraði og vindátt í Grímsey dagana 14.–24. janúar. Einnig er sýnd uppsöfnuð úrkoma á Ólafsfirði og Þverá í Dalsmynni og hita á Öxnadalshéiði.....	34
Mynd 20. Útlínur snjóflóðsins við Smiðsgerði 22.–23. janúar.....	35
Mynd 21. Smiðsgerði og Smiðsgerðisgil fyrir ofan bæinn.....	35
Mynd 22. Uppsöfnuð úrkoma á Siglufirði og Ólafsfirði og vindhraði og vindátt í Grímsey dagana 14.–24. janúar. Einnig er uppsöfnuð úrkoma á Dalsmynni og hiti frá Siglufirði og Öxnadalshéiði.....	36
Mynd 23. Útlínur snjóflóðsins við Þratarstaði 24. janúar.....	37
Mynd 24. Snjóflóðið féll úr Þratarstaðaskál og rann yfir svokallaðan Stórhól.....	37
Mynd 25. Uppsöfnuð úrkoma og hiti á Siglufirði og vindhraði og vindátt í Grímsey dagana 16.–26. janúar. Einnig er uppsöfnuð úrkoma frá Dalsmynni og Skeiðsfossi og hiti á Öxnadalshéiði.....	38
Mynd 26. Útlínur flóðsins í Harðskafa 25. janúar.....	39
Mynd 27. Snjóflóðið úr Harðskafa ofan Eskifjarðar.....	39

Mynd 28. Uppsöfnuð úrkoma og hiti á Eskifirði og vindhraði og vindátt á Gagnheiði dagana 18.–27. janúar. Einnig er uppsöfnuð úrkoma frá Neskaupstað og Ljósalandi í Fáskrúðsfirði og hiti á Gagnheiði	40
Mynd 29. Útlínur flóðsins í Hólmsgerðarfjalli 25. janúar.	41
Mynd 30. Snjóflóðið í Hólmsgerðarfjalli. Fyrir miðju neðst í flóðinu sést glitta í skúra.....	41
Mynd 31. Aðstöðuhúsið á skotsvæðinu tjónað eftir flóðið.	42
Mynd 32. Uppsöfnuð úrkoma og hiti á Eskifirði og vindhraði og vindátt á Gagnheiði dagana 18.–27. janúar. Einnig er uppsöfnuð úrkoma frá Neskaupstað og Ljósalandi í Fáskrúðsfirði og hiti á Gagnheiði	42

Töfluskrá

Tafla 1. Fjöldi skráðra ofanflóða eftir tegund frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.....	22
Tafla 2. Óvissustig veturinn 2020–2021.	24
Tafla 3. Rýmingar veturinn 2020–2021.	24
Tafla 4. Snjóflóð sem féllu á vegi landsins frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021 ásamt breidd og þykkt snjóflóðs á vegi.....	24
Tafla 5. Snjóflóð af mannavöldum veturinn 2020–2021.....	27

1 Inngangur

Annáll þessi nær yfir öll skráð snjóflóð frá 1. september 2020 til og með 31. ágúst 2021. Flest flóðanna eru skráð af starfsfólki Veðurstofunnar og Vegagerðarinnar og er ljóst að fjölmörg flóð falla á ári hverju án þess að eftir þeim sé tekið eða þau skráð. Allar tölur og talningar á flóðum miðast við ofanflóðagagnagrunn Veðurstofunnar þegar annállinn er gefinn út. Einhverjar breytingar gætu orðið eftir útgáfu annáls, t.d. ef fréttist af áður óþekktum flóðum.

Í annálnum er ársyfirlit með tíðarfari hvers mánaðar, samantekt á helstu snjóflóðum og skriðuföllum og öðru er viðkemur störfum ofanflóðavaktar Veðurstofu Íslands. Síðan er ýtarlegri samantekt yfir snjóflóð vetrarins, snjóflóðaskráningar og snjódýptarmælingar. Að lokum eru nokkur snjóflóð tekin sérstaklega fyrir og þeim gerð betur skil. Í Viðauka III er listi yfir allar snjóflóðafærslur vetrarins sem eru skráðar í ofanflóðagagnagrunn Veðurstofunnar. Myndir sem ekki eru merktar myndatökumanni voru teknar af starfsmönnum Veðurstofunnar.

2 Ársyfirlit ofanflóðavaktar

Í þessum kafla er farið yfir helstu atburði eins og óveður, snjóflóð og skriðuföll, rýmingar og annað sem viðkemur störfum ofanflóðavaktar Veðurstofu Íslands. Hver mánuður er tekin fyrir frá september 2020 út ágúst 2021.

2.1 September

Tíðarfarsyfirlit

September var svalur og úrkomusamur og mældist úrkoma vel yfir meðaltali á flestum stöðum. Fyrsti snjór vetrarins féll víða á norðurhelmingi landsins.

Ofanflóðaatburðir

September byrjaði fremur vætusamur á Norður- og Norðausturlandi með NA-átt og rigningu en snjókomu til fjalla. Snjólínan náði allt niður í 250 m á Tröllaskaga. Engar skriður voru skráðar enda dró kalt veður úr skriðuhættu. Hins vegar hrundi grjót á veg um Súðavíkurlíð og munaði minnstu að einstaklingur akandi á fólksbíl yrði fyrir því. Efnið fyllti vegrásina og lokaði annarri akreininni og náðu stakir hnellingar niður undir veg. Stærstu björgin voru metin 1–2 rúmmetrar og heildarrúmmál í kringum 30–50 m². Orsakir hrunsins eru óljósar, hitastig var stöðugt, lítill vindur og engin úrkoma.

2.2 Október

Tíðarfarsyfirlit

Október var fremur hlýr og hægviðrasamur. Hljást var um landið vestanvert en kaldast á Austurlandi. Þurrk var á vestanverðu landinu en úrkomumeira austanlands.

Ofanflóðaatburðir

Að morgni 6. október féll stór aurskriða úr Hleiðargarðsfjalli ofan við Gilsá í Eyjartfjarðardal og stöðvaðist hún skammt frá íbúðarhúsinu á Gilsá II. Skriðan var um 200 m breið, úthlaupslengdin um 1700 m og fallhæðin um 700 m. Tvö íbúðarhús og einn sumarbústaður voru rýmd í kjölfarið og stóð rýmingin fram til 10. október.



Mynd 1. Grjóthrun við Súðavíkurhlíð.

Grjót hrundi úr Eyrarhlíð við Skutulsfjörð þann 7. október og út á veg. Flutningabíll keyrði upp á grjótið og var veginum lokað fyrir stórum bílum um stund. Sama dag rigndi talsvert í Eyjarfirði og urðu bændur í Svarfaðardal varir við grjóthrun í Búrfellshyrnu og Vallafjalli.

Jarðskjálftahrina hófst á Reykjanesi þann 20. október. Stærsti skjálftinn var 5,6 að stærð og stærstu eftirskjálftarnir 4,2 að stærð. Skjálftarnir ollu talsverðu grjóthruni, meðal annars við Djúpavatnsleið þar sem grjót lokaði vegi, í Keili, í Trölladyngju og við Vatnsskarð. Einnig féll bergfylla í sjó fram á allt að 10 m kafla úr Krísuvíkurbergi.

31. október féllu 2 vot snjóflóð í Skíðadal. Flóðin náðu niður fyrir snjólínu og voru um 1–2 m þykk í tungu.



Mynd 2. Aurskriða við Gilsá. Skriðan stöðvaðist skammt frá íbúðarhúsi við Gilsá II.

2.3 Nóvember

Tíðarfarsyfirlit

Í nóvember var tiltölulega kalt sunnan- og vestanlands en hlýrra austanlands. Óveðursamt var dagana 4. og 5. nóvember, mjög kalt á landinu 18. og 19. og enn og aftur var óveðursamt dagana 26. og 27. Alhvítt var einn morgun í Reykjavík en 6 alhvítir dagar voru á Akureyri í mánuðinum.

Ofanflóðaatburðir

5. nóvember féll efnismikil skriða í innanverðum Svartárdal í Austur-Húnavatnssýslu. Skriðan átti upptök sín í gilskoru í hlíðinni á milli Skottastaða og Hvamms, flæddi yfir veg og yfir á. Áin stíflaðist í skamma stund og myndaðist þá lón ofan við skriðuna en það tók aðeins nokkrar mínútur fyrir ána að ryðja sig í gegnum skriðuna. Vegurinn var lokaður í nokkrar klst. á meðan verið var að moka hann.

Lítill snjór var heilt yfir á Norðurlandi og Vestfjörðum um miðjan mánuðinn en nokkur lítil flekaflóð féllu á svæðunum eftir norðlægar áttir. Snjókoma á Tröllaskaga aðfaranótt 21. nóvember setti af stað hrinu og féllu allmörg flóð á milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar, þar á meðal eitt nokkuð stórt sem stöðvaðist rétt ofan við Ólafsfjarðarveg.

Dagana 26. og 27. nóvember var suðvestan hvassviðri með éljagangi og skafrenningi á vestanverðu landinu og Tröllaskaga. Þó nokkur snjóflóð féllu í veðrinu á norðanverðum Vestfjörðum og Tröllaskaga og þótt tvö þeirra hafi náð niður á veg voru engin stór. Einnig féllu flóð á suðvesturhorni landsins.



Mynd 3. Snjóflóð ofan Ólafsfjarðarvegjar 21. nóvember.

2.4 Desember

Tíðarfarsýfirlit

Kalt var á landinu í byrjun mánaðar en þónokkuð hlýnaði um miðjan mánuð. Dagana 2.–4. desember gekk hvöss norðanátt yfir landið með hríðarveðri á Vestfjörðum, Norðurlandi og norðanverðum Austfjörðum sem olli töluverðum samgöngutruflunum. Mánuðurinn var óvenju úrkomusamur á Norðaustur- og Austurlandi og mældist úrkoma þar víða sú mesta sem vitað er um í desember. Gríðarlega áköf úrkoma var á Austfjörðum dagana 14.–18. desember og féll hún sem rigning á láglandi en snjókoma til fjalla. Uppsöfnuð úrkoma á Seyðisfirði mældist 577,5 mm á þessum 5 dögum, og er það mesta úrkoma sem mælst hefur á 5 daga tímabili á Íslandi. Miklar aurskriður féllu í rigningunni, sú stærsta á Seyðisfirði þann 18. desember.

Ofanflóðaatburðir

Nokkur snjóflóð féllu á Vestfjörðum og Tröllaskaga í norðanhríðarveðri í byrjun mánaðarins. 3. desember var tíðindamestur en þá féll flekaflóð á veginn um Súðavíkurlíð, um 70 m breitt og 1,5 m þykkt á veginum. Einnig féll flekaflóð í Innra-Bæjargili ofan Flateyrar og náði það vel út úr gilkaftinum, var um 70 m breitt og stöðvaðist í um 50 m.y.s. Þá féll lítið flekaflóð í Skollahlíft ofan Flateyrar en flóðið náði ekki út úr gilkaftinum.

Aðfaranótt 5. desember féll flóð yfir veg í Gilsfirði sem kom á óvart því lítill snjór var á svæðinu og nánast engin úrkoma enda náði norðanhríðarveðrið ekki á sunnanverða Vestfirði. Flóðið var um 70 m breitt á veginum og 1 m þykkt.



Mynd 4. Snjóflóð við Ólafsfjarðarveg sem féll þann 20. desember. Mynd tekin eftir að búíð var að ryðja veginn.

Gríðarlega mikil úrkomuákefð var á Austfjörðum dagana 10.–18. desember og féllu þá margar stórar aurskriður, þær stærstu á Seyðisfirði og Eskifirði. Fyrsta skriðan í veðrinu féll 14. desember í Ljósá á Eskifirði og í kjölfarið lýstu Almannavarnir yfir óvissustigi vegna skriðufalla, á vegum Almannavarna, lýst yfir á Austurlandi. Þann 15. féll skriða úr Botnabrún á Seyðisfirði og í kjölfarið var hættustigi, á vegum Almannavarna, lýst yfir á Seyðisfirði og nokkur hús undir Botnabrún rýmd. 17. desember voru fleiri svæði á Seyðisfirði rýmd. Aðfaranótt 18. féllu tvær skriður úr Nautaklauf og tók önnur þeirra mannlaust timburhús og flutti það um 50 m. Húsið var innan svæðis sem þegar hafði verið rýmt og í kjölfar skriðanna tveggja var enn stærra svæði rýmt. Þá nótt féll einnig skriða yfir veg og út í sjó nokkru utan við þéttbýlið á Eskifirði. Þann 18. desember féll stór skriða úr Botnabrún milli Búðarár og Stöðvarlækjar á Seyðisfirði og lenti á 10 húsum. Ekkert manntjón varð í skriðunni en mikið eignatjón. Í kjölfar skriðunnar var ákveðið að rýma nokkra sveitabæi í Seyðisfirði. Einnig voru hús rýmd á Eskifirði vegna sprungna sem opnuðust í Oddsskarðsvegi. Það dró úr úrkomu 19. desember og var rýmingu á Eskifirði aflétt þann 20. desember. Hættustigi var ekki aflétt á Seyðisfirði fyrr en seinnipart Febrúar á vegum Almannavarna.

Á meðan skriðuástand ríkti á Austfjörðum féll töluvert af snjóflóðum á Norðurlandi en dagana 15.–21. desember geysaði norðaustan og norðan hríðarveður þar. Þar á meðal féllu 5 flóð í Öxnadal þann 17. desember, 3 flóð í Ljósavatnsskarði þann 20. desember og töluvert af flóðum í Ósbrekkufjalli dagana 20.–22. desember. Einnig féllu stór snjóflóð yfir Ólafsfjarðarveg 20. desember en vegurinn var á óvissustig þegar fyrsta flóðið féll en lokaður í kjölfarið. Stærsta flóðið var um 10–15 m þykkt og náði langt yfir veg. Norðanhríð var einnig á norðanverðum Vestfjörðum 20.–21. desember. Nokkur flóð féllu þá á veg um Súðavíkurhlíð. Vegurinn var á óvissustig þegar fyrstu flóðin féllu en lokaður í kjölfarið.

2.5 Janúar

Tíðarfarsyfirlit

Janúar var kaldur um allt land. Norðan- og norðaustan áttir voru ríkjandi. Seinni hluta mánaðarins snjóaði mikið á norðurhellingi landsins og mörg snjóflóð féllu. Á suðvesturhluta landsins var hins vegar óvenju þurrt.

Ofanflóðaatburðir

Fyrri hluti janúar var fremur rólegur með tilliti til ofanflóða. Nokkur minni snjóflóð voru skráð auk þess sem 5 flóð náðu vegi um Súðavíkurlíð þann 9. janúar. Þann 10. janúar setti skíðamaður af stað flekaflóð í Böggsvisstaðafjalli ofan við Dalvík en slapp ómeiddur.

Þann 15. janúar var gripið til varúðarrýmingar í samráði við Almannavarnir í efstu götunum undir Botnabrún á Seyðisfirði vegna mikillar úrkomuspár. Ástæða rýmingarinnar var óvissa um stöðugleika hliðanna eftir skriðuföllin í desember og viðbrögð jarðlaga við ákafri úrkomu. Mælingar og athuganir bentu hvorki til neinna hreyfinga á jarðlögum meðan á úrkomunni stóð né í kjölfar hennar og því var rýmingu aflétt 17. janúar.

Seinni hluti janúar var tíðindameiri, en dagana 18.–28. janúar var viðvarandi norðan átt með skafrenningi, éljum eða samfelldri snjókomu á norðurhellingi landsins. Á því tímabili féllu fjölmörg snjóflóð, óvissustigi var lýst yfir í þremur landshlutum og grípa þurfti til rýminga í nokkrum bæjum.

Fyrsta snjóflóðahrinin í veðrinu hófst á Norðurlandi 18. janúar og markast upphaf hennar af snjóflóði sem féll yfir Ólafsfjarðarveg og út í sjó. Þótt veðurspár gerðu ekki ráð fyrir aftakaveðri var strax gert ráð fyrir að veðrið yrði mjög langvarandi og að Ólafsfjarðar- og Siglufjarðarvegur gætu verið meira og minna lokaðir í nokkra daga. Þann 19. janúar féll flóð út í sjó úr Ósbrekkufjalli gegnt Ólafsfirði og lokaði vegi út í Kleifar. Í kjölfarið var umferð að hesthúsum undir sömu hlið takmörkuð og seinna um kvöldið var óvissustigi vegna snjóflóðahættu list yfir á Norðurlandi.

Aðfaranótt 20. janúar dró úr úrkomu og vindi. Engu að síður féll snjóflóð yfir Ólafsfjarðarveg þá nótt. Morguninn 20. janúar féll stórt flóð á skíðasvæði Siglfirðinga í Skarðsdal sem eyðilagði skíðaskála, gáma og tæki. Skömmu síðar féll snjóflóð yfir borholur í Skútudal inn af Siglufirði. Um eftirmiðdaginn var hættustigi vegna snjóflóða lýst yfir á Siglufirði og nokkur hús undir Strengsgiljunum voru rýmd. Rýmingin var varúðarráðstöfun en ofan húsanna er varnargarður sem bægt hefur mörgum snjóflóðum frá byggðinni síðan hann var reistur. Við verstu aðstæður er möguleiki að hluti stórra snjóflóða gefi yfir varnargarða eins og sýndi sig á Flateyri í janúar 2020.



Mynd 5. Snjóflóðið í Skarðsdal eyðilagði skíðaskála, gáma og tæki. Ljósmynd: Sigurður Þór Helgason.

Næstu daga bætti áfram í snjó og snjóflóð héldu áfram að falla, þótt inn á milli væri bjartara og skaplegra veður. Eftirmiðdaginn 21. janúar féll stórt flóð úr Steinsskál inn af Héðinsfirði og út í Héðinsfjarðarvatn. 22. janúar féllu flóð yfir Ólafsfjarðarveg og yfir veg á Öxnadalsheiði. 23. janúar féll snjóflóð skammt frá bænum Smiðsgerði í Skagafirði, drap nokkur hross og eyðilagði kofa ofan við bæinn. Morguninn 24. janúar féll stórt flóð úr Brekknafjalli á Höfðaströnd og lentu kögglar og kóf á íbúðarhúsi við Þrastarstaði. Auk þess féll annað flóð yfir veg á Öxnadalsheiði. Um eftirmiðdaginn var rýmingu aflétt á Siglufirði en óvissustig var enn í gildi á Norðurlandi til 27. janúar.

Hluta tímabilsins var líka snjóflóðahrina á norðanverðum Vestfjörðum. Dagana 20.–21. janúar féllu þrjú flóð í sjó í norðanverðum Súgandafirði en ollu ekki flóðbylgju á Suðureyri. 22. janúar féllu nokkur snjóflóð í Skutulsfirði, m.a. í Eyrarhlíð, Seljalandshlíð og Steiniðjugili. Óvissustigi vegna snjóflóðahættu var lýst yfir á norðanverðum Vestfjörðum 22. janúar. Morguninn eftir voru atvinnuhúsnaði undir Steiniðjugili rýmd, en tryggt hafði verið að húsin væru mannlæs eftir að vinnu lauk daginn áður. Seinna um morguninn féll stórt snjóflóð úr Selabólsurð yfir Flateyjarveg auk þess sem stórt flóð féll í Hádegisfjalli nálægt Bolungarvík. Kvöldið 23. janúar voru fjögur íbúðarhús og eitt atvinnuhúsnaði á Flateyri rýmd. Eins og á Siglufirði var um varúðarrýmingu neðan við varnargarða að ræða.

Aðfaranótt 24. janúar féllu snjóflóð á veginn um Eyrarhlíð í Skutulsfirði og á veginn um Bjarnardal í Önundarfirði. Um morguninn féll flóð niður í Reiðhjallavirkjun í nágrenni Bolungarvíkur. Ofan Flateyjar féll snjóflóð úr Skollahvilft, niður með leiðigarði ofan byggðarinnar og út á veg, ásamt flóði úr Innra-Bæjargili sem einnig hafnaði á leiðigarði. Eftir hádegi dró úr veðrinu og þá var rýmingu á Flateyri aflétt. Morguninn 25. janúar var rýmingu á Ísafirði aflétt.



Mynd 6. Snjóflóðið í Hólmgærðarfjalli 25. janúar. Fyrir miðju neðst í flóðinu sést glitta í umrædd aðstöðuhús.

25. janúar var óvissustigi vegna snjóflóðahættu lýst yfir á Austfjörðum. Þann dag féllu stór flóð úr Hólmgærðarfjalli innan við Oddskarð og úr Harðskafa ofan Eskifjarðar. Einnig féllu mörg minni flóð á svæðinu. Flóðið í Hólmgærðarfjalli olli tjóni á skotæfingasvæði og eyðilagði aðstöðuhús á svæðinu. Þegar þarna var komið við sögu hafði veðrið gengið mikið niður og dregið hafði úr úrkomu. Mörg flóðanna á Austfjörðum losnuðu úr læðingi þegar sól tók að skína á hlíðarnar.

Hrinan á Austfjörðum gekk hratt yfir og var óvissustigi þar aflétt 27. janúar. Sama dag var óvissustigi aflétt á Norðurlandi en á norðanverðum Vestfjörðum ekki fyrr en morguninn 28. janúar.

2.6 Febrúar

Tíðarfarsýrlit

Febrúar var fremur hlýr, sérstaklega um sunnan- og vestanvert landið, vindur hægur og illviðri fátíð. Austlægar áttir voru ríkjandi. Úrkomusamt var um austanvert land en úrkomulítið vestan til.

Ofanflóðaatburðir

Febrúar byrjaði rólega með tilliti til ofanflóða en um miðjan mánuðinn fór að bera til tíðinda. Frá kvöldi 13. febrúar að morgni 15. febrúar var úrkomusamt á Austurlandi, sérstaklega á sunnanverðum Austfjörðum þar sem úrkoma mældist víða um 100 mm á einum sólarhring. Hlýr vindur úr suðaustri fylgdi, 13–18 m/s, og hiti var yfir frostmarki upp í miðjar hliðar. Fyrir var talsverður snjór til fjalla. Í þessu veðri féllu ofanflóð af ýmsu tagi á Austurlandi, bæði vot snjóflóð, krapaflóð og skriður.

Kvöldið 13. febrúar var óvissustigi vegna ofanflóðahættu líst yfir á Austurlandi. Seint sama kvöld féllu nokkur krapaflóð nálægt bænum Hjarðarhlíð í Skriðdal. Eitt þeirra skall á hlöðu og olli þar skemmdum auk þess sem flóðið hreif með sér heyrúllur sem raðað hafði verið upp ofan hlöðunnar og flutti þær langar leiðir. 14. febrúar féllu krapaflóð á Fáskrúðsfirði og um kvöldið féll krapaflóð ofan við bæinn Hof í Öräfum. Flóðið í Öräfaveit var 80–100 m breitt og saman við krapann voru stórir steinar. Aðeins voru um 10 m í næstu íbúðarhús. Kvöldið 14. febrúar var hættustigi vegna snjóflóða líst yfir á Seyðisfirði og nokkur hús undir Strandartindi rýmd.

Í ofanflóðahrinunni 13.–15. febrúar féllu snjóflóð á Eskifirði, Norðfirði, Seyðisfirði, Vopnafirði, í Mjóafirði, Fagradal og Fljótsdal. Krapaflóð féllu í Öräfaveit, á Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði, Norðfirði, Seyðisfirði og í Skriðdal. Aurskriða féll austan við Höfn í Hornafirði og einnig er vitað um smáskriður og grjóthrun utarlega í Borgarfirði Eystri. Eitthvað tjón varð, vegir lokuðust tímabundið t.d. í Borgarfirði Eystri, Fáskrúðsfirði og í Fagradal og aurskriðan austan Hornafjarðar tók stæðu í rafmagnslínu. Hættustigi vegna ofanflóða var aflétt á Seyðisfirði 17. febrúar, og þar með einnig rýmingum. Á sama tíma var óvissustigi á Austurlandi aflétt.

Þótt mesta ofanflóðavirknin um miðjan mánuðinn hafi verið á Austurlandi féllu einnig snjóflóð annars staðar á landinu. Morguninn 14. febrúar fréttist af nokkuð stóru flóði sem fallið hafði yfir Siglufjarðarveg. Seinna um daginn setti vélsleði af stað flekaflóð ofan við Hellisheiðarveg. Nokkru seinna fréttist af mörgum flóðum á Fjallabaki, sem talið er að hafi fallið í hláku 16. og 17. febrúar. Þann 20. febrúar settu tveir klifrarar af stað snjóflóð við Skessuhorn í Borgarfirði. Þeir bárust talsvert langt niður með snjóflóðinu og hlutu áverka en komu sér sjálfir út úr flóðinu.

Seint í mánuðinum hófst kröftug jarðskjálftahrina á Reykjaneskaga. Eitthvað var um skriðuföll vegna skjálftanna. M.a. féll talsvert af grjóti yfir gamla Suðurstandavegin sem nú er aflagður og tilkynningar bárust af grjóthruni í Þorbirni við Grindavík, úr Keili, við Djúpavatsleið og við Kleifarvatn.



Mynd 7. Krapaflóðið við Hjarðarhlíð í Skriðdal hreif með sér heyrúllur ofan við hlöðuna.

2.7 Mars

Tíðarfarsyfirlit

Mars var hlýr og tíð hagstæð. Rétt fyrir miðjan mánuðinn gengu lægðir yfir Norðurland og Vestfirði með hvössum norðlægum áttum og mikilli úrkomu, snjókomu til fjalla en að hluta til rigningu eða slyddu á láglandi. Óvenjuhlýtt var á landinu dagana 17.–19. mars og mældist hitinn víða hátt í 20°C á Austurlandi.

Ofanflóðaatburðir

Í mars féll töluvert af snjóflóðum á Norðurlandi og þónokkur á Vestfjörðum. Mesta snjóflóðavirknin var um miðjan mánuðinn í kjölfar hvassrar norðlægrar áttar og úrkomu á norðanverðu landinu. Þann 11. mars féllu stór snjóflóð bæði á Siglufjarðarveg og á veg um Súðavíkurhlíð. Auk þess á Öxnadalshéiði, í Hörgárdal og Böggvisstaðafjalli nálægt Dalvík. Næstu þrjá daga á eftir féllu fleiri stór snjóflóð á Tröllaskaga, einkum í nágrenni Dalvíkur. 12. mars setti troðari af stað 50 m breiðan fleka á svigskíðasvæði Ísfirðinga í Tungudal. Á skíðasvæðinu sást auk þess náttúrulegt flekaflóð sem væntanlega hefur fallið daginn áður. 16. mars voru tvö myndarleg snjóflóð skráð í Hlíðarfjalli, en þau stöðvuðust bæði ofan við skíðaleið. Á Austfjörðum féllu minni flóð vegna sólbráðar. 17.–19. mars var óvenjuhlýtt og þegar snjór blotnaði á Norðurlandi og Vestfjörðum féll þar talsvert af votum flóðum.



Mynd 8. Við miðja mynd má sjá snjóflóðið sem skíðamaður setti af stað í Búðarhyrnu við Hnífsdal þann 29. mars.

Norðanhríð og skafrenningur seint í mánuðinum jók óstöðugleika snævar á ný. Í kjölfarið féllu mörg snjóflóð á Vestfjörðum, m.a. yfir veg um Ófæru í Öfundarfirði, úr Skollahvilft ofan við Flateyri og yfir veg um Súðavíkurhlíð. Að kvöldi 29. mars setti skíðamaður af stað snjóflóð í Búðarhyrnu við Hnífsdal. Manninn sakaði ekki og komst af sjálfsdáðum út úr flóðinu. Á Tröllaskaga féllu einnig nokkur snjóflóð seint í mars, m.a. stórt flóð í Ytrafjalli inn af Ólafsfirði.



Mynd 9. Starfsmenn Veðurstofunnar mæla og skoða aðstæður við flóðið í Skálafelli eftir að skíðamaður setti af stað flóð og grófst en var bjargað fljótt af ferðafélaga.

2.8 Apríl

Tíðarfarsyfirlit

Apríl var fremur svalur, úrkomulítill um allt land og hægviðrasamur. Mjög sólríkt var norðanlands.

Ofanflóðaatburðir

Vind sneri í lok mars og í byrjun apríl hafði í nokkra daga verið hvöss vestan- og suðvestanátt með skafrenningi á Tröllaskaga. Um mánaðamótin féllu nokkur snjóflóð hlémegin í fjöllum þar sem snjór hafði safnast fyrir, m.a. þrjú í Reistarárfjalli ofan við Hjalteyri og stórt vott flekaflóð í Skeggjabrekkudal inn af Ólafsfirði. Brotstálið í Skeggjabrekkudal var um 200–250 m breitt.

8. apríl setti skíðamaður af stað flekaflóð í Grensgili í Skálafelli. Maðurinn grófst í flóðinu en annað skíðið stóð uppúr snjónum og var ferðafélagi mannsins fljótur að grafa hann upp. Snjóflóðið féll úr eystri gilbarminum (vesturvísandi) og náði flóðið aðeins niður eftir gilinu.

Vegurinn um Kambaskriður á Austfjörðum lokaðist að morgni 16. apríl þegar brött vegskering gaf sig í miklum rigningum. Skriðan var um 2 m þykk á veginum og 20–25 m breið.

2.9 Maí

Tíðarfarsyfirlit

Maí var kaldur, úrkomulítill og sólríkur. Fram eftir mánuðinum voru norðlægar áttir ríkjandi, það var kalt og þurr um land allt. Í lok mánaðarins snerist í suðaustlægar áttir og tók að hlýna og rigna.

Ofanflóðaatburðir

Maí hófst með fallegu vorveðri og voru helstu hreyfingar á snjó spýjur vegna sólbráðar seinnipart dags. Skíðamaður setti af stað lítið flóð með fjarbroti þann 10. maí í Héðinsfjarðardal í Fljótum. Brotstál flóðsins var um 20 cm djúpt. Seinni part maí féllu víða spýjur vegna sólbráðar og hlýnandi veðurs með úrkomu.

2.10 Júní

Tíðarfarsyfirlit

Júní var frekar kaldur mánuður framan af. Mjög kalt var á landinu 11.–20. júní en þá frysti og snjóaði á hálendi og víða í byggð. Aftur á móti var mjög hlýtt í lok mánaðar, sérstaklega á Austur- og Norðausturlandi og fór hitinn þar víða vel yfir 20 stig nokkra daga í röð. Miklar leysingar með tilheyrandi vatnavöxtum fylgdu þessum hlýindum eftir kalt vorið.

Ofanflóðaatburðir

Skriða féll á tvö íbúðarhús við Laugaveg í Varmahlíð þann 28. júní. Skriðan átti upptök í vegöxl Norðurbrúnar, en sú gata stendur ofan við Laugaveg. Skriðan féll því innan þéttbýlisins á milli tveggja gatna. Skarð myndaðist í Norðurbrún og tjón varð á íbúðarhúsunum sem urðu fyrir skriðunni, rúður brotnuðu og aur flæddi inn í hús. Skarðið í veginn var um 20 m breitt og skriðan féll um 70 m vegalengd. Engin slys urðu á fólki. Skriðan er talin vera afleiðing af miklu vatni í jarðvegi á svæðinu en þó ekki bein afleiðing af leysingum, enda enginn snjór á svæðinu.

2.11 Júlí

Tíðarfarsyfirlit

Júlí var mjög hlýr og þurr, sérstaklega á Norður- og Austurlandi. Meðalhiti júlímánaðar í þeim landshlutum var víða sá hæsti frá upphafi mælinga og sólskinsstundir á Akureyri hafa aldrei mælst eins margar. Þungbúnara var suðvestanlands en tiltölulega þurr. Júlí var þurr um mest allt land og úrkoma yfirleitt um þriðjungur til helmingur af meðalúrkomu.

Ofanflóðaatburðir

Nokkrar skriður féllu í júlí, m.a. í Hörgárdal, út á stíg í Jökulsárgljúfrum, í Hágöngum í mynni Flateyjardals og úr Þorfinni og Hólsfjalli í Öndarfirði.



Mynd 10. Skriðan í Varmahlíð. Ljósmynd: Lögreglan á Norðurland Vestra.

2.12 Ágúst

Tíðarfarsyfirlit

Óvenjuleg hlýindi voru á landinu öllu í ágúst. Mánuðurinn var sá hlýjasti frá upphafi mælinga á allmörgum stöðvum, hlýjast var dagana 23.–25. ágúst. Hæsti hiti mánaðarins mældist 29,4 stig á Hallormsstað þann 24. og er það hæsti hiti sem mælst hefur á landinu í ágúst. Þurr og sólríkt var á Norðaustur- og Austurlandi, en þungbúið suðvestanlands. Mánuðurinn var hægviðrasamur, óvenju þurr á Norðaustur- og Austurlandi og tiltölulega þurr í flestum öðrum landshlutum.

Ofanflóðaatburðir

Engin ofanflóð voru skráð í ágúst.

3 Snjóflóðayfirlit og vöktun snjóflóðahættu

3.1 Skráning snjóflóða

Frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021 eru skráð 868 ofanflóð í ofanflóðagagnasafn Veðurstofu Íslands. Þar af eru 767 snjóflóð og 101 skriðuföll. Í sumum tilfellum geta verið nokkur snjóflóð í sömu skráningunni en þetta á sérstaklega við um litlar spýjur og flóð sem ekki eru talin merkileg. Útlínur eru teiknaðar fyrir stærri og merkilegri flóð ef nægar upplýsingar eru til um flóðið. Ef ástæða þykir til eru flóð GPS mæld en útlínur geta einnig verið unnar út frá ljósmyndum, eða minni þess sem sá flóðið. Yfirleitt eru ekki teiknaðar útlínur á flóðum sem eru minni en 2 á stærð (sjá Viðauka II fyrir útskýringar) nema það teljist sérstakt á einhvern hátt. Tafla 1 sýnir heildarfjölda ofanflóða þennan vetur og eru þau flokkuð eftir tegund. Yfirflokkurinn snjóflóð er notaður þegar ekki er vitað af hvaða tegund snjóflóðið er. Eins eru flokkarnir flekahlaup og lausasnjóflóð notaðir þegar ekki er vitað hvort flóðin sé þurr eða vot.

Tafla 1. Fjöldi skráðra ofanflóða eftir tegund frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.

Tegund	Fjöldi
Snjóflóð	63
Þurr flekahlaup	426
Vott flekahlaup	98
Þurr lausasnjóflóð	36
Vott lausasnjóflóð	94
Krapaflóð	19
Flekahlaup	17
Lausasnjóflóð	14
Skriða	12
Aurskriða	53
Grjóthrun	35
Jarðvegsskriða	1

3.2 Snjóflóðahrinur vetrarins

Í gagnagrunni Veðurstofunnar eru skilgreindar hrinur snjóflóða þegar ástæða þykir til. Þá er átt við mörg snjóflóð sem falla í sama veðrinu, stundum yfir nokkurra daga tímabil og yfirleitt í sama landshlutanum. Þennan vetur voru skráðar 7 snjóflóðahrinur.

Snjóflóðahrina á Tröllaskaga dagana 21.–22. nóvember

Það snjóaði í NNA-átt og talsverðum vindi aðfaranótt 21.11 og yfir daginn en rigndi á láglandi. Éljagangur aðfaranótt 22.11. en hæglætisveður yfir daginn.

Allmörg snjóflóð féllu milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar og í nágrenni Ólafsfjarðar, þar á meðal féll eitt nokkuð stórt sem stöðvaðist rétt ofan við Ólafsfjarðarveg.

Snjóflóðahrina á Norðurlandi dagana 13.–28. desember

A-NA rigning og slydda á láglandi en snjóaði til fjalla nær daglega 10.-18.12. NA-slydda 19.12 en snjóaði mikið á láglandi aðfaranótt 20.12 og þann dag var 40-50 cm nýfallinn snjór á Dalvík og götur illfærar. Umhleypingar það sem eftir lifði árs, hlákur á láglandi, snjócoma til fjalla og

froststillur á milli. Mikil úrkoma mældist á Akureyri og sú mesta í desember frá upphafi mælinga þegar upp var staðið.

Stór snjóflóð féllu í Landafjalli í Öxnadal og í Skíðadal ásamt minni flóðum í Ljósavatnsskarði. Einnig féllu snjóflóð á veginn Dalvíkur megin í Ólafsfjarðarmúla og í nágrenni Dalvíkur.

Snjóflóðahrina á Norðurlandi dagana 18.–25. janúar

Samfelld norðlæg átt NA-NV dagana 18.–25.1. Talsverð snjócoma á köflum og dimmviðri, stundum stórhriðarveður t.d. 22.–23.1. Úrkoma og vindur ekki með aftökum en óvenju langur kafli með svipaðri vindátt með snjókomu eða éljum og skafrenningi.

Stór snjóflóð féllu nærri byggð austan Vatna í Skagafirði og flóð lokuðu vegum m.a. á Ólafsfjarðarmúla, Öxnadalshéiði og Svartárdal í Austur-Húnavatnssýslu. Mörg snjóflóð féllu í Eyjafjarðarsveit, Fnjóskadal, Ljósavatnsskarði og Svartárdal í Austur-Húnavatnssýslu.

Snjóflóðahrina á Norðanverðum Vestfjörðum 22.–26. janúar

NNA-átt og snjócoma með köflum dagana 15.–21.1. Bætti töluvert í snjó dagana 22.1 og 23.1 í NNA-átt. Ekki var aftakaveður en snjóflóðahætta byggðist upp vegna langvarandi snjósöfnunar og skafrennings í sömu vindátt. Dró úr úrkomu 25.1 og snerist í A-átt 26.1.

Snjóflóð féllu í Skutulsfirði, Álftafirði, Önundarfirði og Súgandafirði. Þar á meðal féllu mörg flóð á vegi: Súðavíkurhlíð, Flateyrarveg, veginn um Spilli í Súgandafirði og Eyrarhlíð í Skutulsfirði.

Snjóflóðahrina á Austfjörðum 24.–26. janúar

Langvarandi snjósöfnun í norðlægum áttum í aðdraganda hrinunnar.

Mörg snjóflóð féllu á svæðinu bæði lítil og stór. Flest flóðin féllu eftir að sól tók að skína á hlíðar. Tjón var þegar snjóflóð féll úr Hólmgjarfjalli inn af Oddskarði við Eskifjörð 25.1., yfir skotæfingarsvæði og eyðilagði aðstöðuhús á svæðinu.

Snjóflóðahrina á Austurlandi 13.–15. febrúar

Vaxandi úrkomu í SA-átt sem byrjaði sem rigning á láglandi en slydda eða snjócoma til fjalla. Uppsöfnuð úrkomu var á bilinu 100–200 mm. Talsverður snjór var fyrir til fjalla. Dró hratt úr úrkomunni þann 15.2.

Snjóflóð féllu í Fagradal, Eskifirði, Norðfirði, Seyðisfirði, Fljótsdal og Vopnafirði. Krapaflóð féllu í Örafasveit, Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði, Seyðisfirði og í Skriðdal svo vitað sé. Aurskriða féll austan við Höfn í Hornafirði og einnig er vitað um smáskriður og grjóthrun utarlega í Borgarfirði Eystri.

Snjóflóðahrina á Norðurlandi dagana 22.–25. febrúar

Vestan kaldi og snjócoma aðfaranótt 22.2 og éljagangur yfir daginn. Stillt og skýjað yfir daginn þann 23.2. Snjócoma til fjalla 24.2 en slydda og rigning á láglandi. Birti upp með hægviðri og sól þann 25.2.

Mörg lítil snjóflóð féllu í Hörgárdal, við Dalvík, Ólafsfjörð og Siglufjörð. Aðallega lausasnjóflóð en einnig nokkur minni þurr flekahlaup. Nokkur flóð féllu er birti upp 25.2.

3.3 Óvissustig og rýmingar

Óvissustigi vegna snjóflóða var lýst yfir fjórum sinnum veturinn 2020–2021 og fjórum sinnum var gripið til rýminga. Einu sinni var óvissustigi lýst yfir á Norðurlandi, einu sinni á norðanverðum Vestfjörðum og tvisvar á Austurlandi. Óvissustig vetrarins eru tekin saman í töflu 2.

Tafla 2. Óvissustig veturinn 2020–2021.

Svæði	Ástæða	Sett	Aflýst
Norðurland	Snjóflóðahætta	2021-01-19 20:40	2021-01-27 16:30
Austurland	Snjóflóðahætta	2021-01-25 15:30	2021-01-27 14:00
Norðanverðir Vestfirðir	Snjóflóðahætta	2021-01-22 17:30	2021-01-28 07:00
Austurland	Snjóflóðahætta	2021-02-13 20:00	2021-02-17 14:00

Í fjögur skipti þurfti að grípa til rýmingar. Rýmingar vetrarins eru teknar saman í töflu 3.

Tafla 3. Rýmingar veturinn 2020–2021.

Staður	Hvar	Sett	Aflýst
Siglufjörður	Rýmingarreitur á stigi II undir Strengsgiljum.	2021-01-20 16:00	2021-01-24 15:30
Ísafjörður	Reitur 9 og sorpmóttaka við Funa (utan fleygs)	2021-01-23 07:30	2021-01-25 07:30
Flateyri	Reitur 4 skv, bráðabirgðarýmingarkorti	2021-01-23 18:00	2021-01-24 13:00
Seyðisfjörður	Reitir 4 og 6	2021-02-14 21:00	2021-02-15 08:30

3.4 Snjóflóð á vegi

Í gagnagrunni Veðurstofunnar er skráð að snjóflóð loki vegi ef það fellur yfir þjóðveg eða aðra vegi og vegslóða sem almenningur notar til að komast á milli staða. Snjóflóð sem falla á vegi og vegslóða sem eru ekki í almennri notkun fá ekki þessa merkingu í gagnagrunninum.

Snjóflóðavakt Veðurstofunnar gerir snjóflóðaspá fyrir fimm vegi á landinu en það er vegurinn um Kirkjuból- og Súðavíkurhlíð milli Ísafjarðar og Súðavíkur, Flateyrvægur, Siglufjarðarvegur, Ólafsfjarðarvegur og vegurinn um Ljósavatnsskarð.

Talsverð umferð fólks til og frá vinnu og annarra erinda, er um þessa fimm vegi og eru snjóflóðaspárnar gerðar fyrir Vegagerðina sem metur í framhaldi af því hvort gripið er til ráðstafana.

Alls voru skráð 89 snjóflóð sem féllu á vegi landsins frá 1. sept. 2020 til 31. ágúst 2021 og í töflu 4 má sjá lista yfir þessi snjóflóð í rétttri tímaröð. Nánari upplýsingar um flóðin eru einnig í Viðauka III.

Tafla 4. Snjóflóð sem féllu á vegi landsins frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021 ásamt breidd og þykkt snjóflóðs á vegi.

Númer	Dagsetning	Farvegur	Breidd (m)	Þykkt (m)
56141	27.11.2020	Ólafsfjarðarvegur farv. 38		
56145	28.11.2020	Bjarnadalur	41	0,5
56402	28.11.–2.12.2020	Fnjóskadalur		
56156	1.12.2020	Ósafjörður	4	
56155	1.12.2020	Patreksfjörður, utan þéttbýlis		

56169	3.12.2020	Súðavíkurhlíð, Fjargil (vegagerðarfarvegur 21)	70	1,5
56186	4.12.2020	Slitrur	65	1
56188	11.12.2020	Súgandafjörður sunnanverður		
56264	11.12.2020	Lambadalshlíð	100	
56263	11.12.2020	Lambadalshlíð	150	
56190	11.12.2020	Súgandafjörður sunnanverður		
56688	1.–31.12.2020	Stífla		3
56220	19.12.2020	Ólafsfjarðarvegur farv. 37		
56222	19.12.2020	Ólafsfjarðarvegur farv. 36		6
56221	20.12.2020	Súðavíkurhlíð, Fjargil (vegagerðarfarvegur 21)		
56228	20.12.2020	Ólafsfjarðarvegur farv. 37		
56226	20.12.2020	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 4		
56229	21.12.2020	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 6		
56277	9.1.2021	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 6	10	0,6
56294	18.1.2021	Ólafsfjarðarvegur farv. 38		2,5
56295	19.1.2021	Ósbrekkufjall 1		
56298	20.1.2021	Ólafsfjarðarvegur farv. 39	105	3
56353	20/21.1.2021	Rauðagil	20	
56489	21/22.1.2021	Þverárfjall	205	1
56490	21/22.1.2021	Þverárfjall		
56316	22.1.2021	Súgandafjörður sunnanverður		
56528	18-28.1.2021	Reykjarfjörður á Ströndum	50	2
56531	18-28.1.2021	Reykjarfjörður á Ströndum	5	1
56529	18-28.1.2021	Reykjarfjörður á Ströndum	66	2
56530	18-28.1.2021	Reykjarfjörður á Ströndum	180	1,5
56532	18-28.1.2021	Reykjarfjörður á Ströndum	5	1
56320	22.1.2021	Ólafsfjarðarvegur farv. 34	85	1,5
56322	22.1.2021	Súðavíkurhlíð, Djúpagil (vegagerðarfarvegur 22)	5	
56325	22.1.2021	Öxnadalshlíð, gil 1	100	
56323	22.1.2021	Öxnadalshlíð		
56362	22-24.1.2021	Hvammisdalur-Ármót Svartár/Fossár		0,5
56502	23/24.1.2021	Lambadalshlíð	125	
56493	23/24.1.2021	Lambadalshlíð	5	
56501	23/24.1.2021	Lambadalshlíð	80	
56500	23/24.1.2021	Lambadalshlíð	20	
56326	23.1.2021	Öxnadalshlíð, gil 2	200	
56327	23.1.2021	Súðavíkurhlíð, Djúpagil (vegagerðarfarvegur 22)	60	1
56361	22-24.1.2021	Kiðagil		

56329	23.1.2021	Selabólsurð, undir Urðarskál	120	1
56342	23/24.1.2021	Öxnadalsheiði	170	
56340	23/24.1.2021	Öxnadalsheiði	70	
56457	22-24.1.2021	Bjarnadalur vestanverður	50	
56335	22-24.1.2021	Bjarnadalur vestanverður	70	
56334	24.1.2021	Öxnadalsheiði, gil 3	150	
56456	22-24.1.2021	Bjarnadalur vestanverður	75	
56455	23/24.1.2021	Steingrímsfjörður/Kollafjörður	30	1,5
56333	24.1.2021	Eyrarhlíð 9	27	
56350	24.1.2021	Selabólsurð, undir Urðarskál	200	
56354	24.1.2021	Selabólsurð, undir Urðarskál	15	
56356	24.1.2021	Grænafell	20	
56395	25.1.2021	Súgandafjörður		
56396	25.1.2021	Súgandafjörður		
56397	25.1.2021	Súgandafjörður		
56435	24-27.1.2021	Selabólshlíð, fyrir ofan Selakirkjuból	120	
56436	24-27.1.2021	Selabólshlíð, fyrir ofan Selakirkjuból	160	
56434	24-27.1.2021	Bæjargil ofan Neðri-Breiðadals	70	
56432	24-27.1.2021	Ytra-Hvilftarhorn	175	1
56433	24-27.1.2021	Selabólsurð, undir Urðarskál		
56437	26/27.1.2021	Innra-Bæjargil	55	
56451	26/27.1.2021	Breiðhilla	230	
56583	14.2.2021	Landsendi		
56629	14.2.2021	Mjóifjörður norðanverður (á Austfjörðum)	100	1
56639	14.2.2021	Mjóifjörður norðanverður (á Austfjörðum)	50	
56607	14.2.2021	Grænafell		
56605	14.2.2021	Öræfasveit	7	0,3
56606	14.2.2021	Fáskruðsfjörður sunnanverður		0,5
56650	14/15.2.2021	Skriðdalur		
56628	14/15.2.2021	Reyðarfjörður norðanverður utan Eskifjarðar		
56623	14/15.2.2021	Reyðarfjörður norðanverður utan Eskifjarðar		
56621	14/15.2.2021	Reyðarfjörður norðanverður utan Eskifjarðar		
56620	14/15.2.2021	Reyðarfjörður norðanverður utan Eskifjarðar		
56616	14/15.2.2021	Skriðdalur	30	
56626	15.2.2021	Súgandafjörður		
56634	16.2.2021	Súgandafjörður		
56739	10/11.3.2021	Miðstrandargil		
56742	11.3.2021	Ólafsfjarðarmúli farv. 33b, Klif		

56734	11.3.2021	Súðavíkurhlíð, Fjargil (vegagerðarfarvegur 21)	93	1,5
56741	11.3.2021	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 7	22	1,3
56746	12.3.2021	Strjúgsgil		
56807	26.3.2021	Hvalnesskriður	5	
56820	29.3.2021	Ófæruhlíð	10	3,5
56823	29.3.2021	Arnarfjörður	200	1
56833	28/29.3.2021	Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 1		
56858	7.4.2021	Súgandafjörður sunnanverður	5	1,5

3.5 Snjóflóð af mannavöldum

Veturinn 2020–2021 voru skráð 14 snjóflóð af mannavöldum. Í töflu 5 má sjá lista yfir flóð af mannavöldum í réttri tímaröð.

Tafla 5. Snjóflóð af mannavöldum veturinn 2020–2021. St: Stærð snjóflóðs á skalanum 1–5. Ors: Orsök snjóflóðs (G: Göngumaður, S: Skíðamaður V: Vélsleði, T: Snjótroðari, J: Jeppi, M: Af mannavöldum/ótilgreint). Hæð: Upptakahæð snjóflóðs (m y.s.). Vh: Viðhorf.


Númer	Dags.	St.	Ors.	Hæð	Vh	Lýsing
56282	10.1.2021	2,5	S	640	S	Skíðamaður kom af stað snjóflóði í skálinni ofan Hrafnstaða sunnarlega í Böggvisstaðafjalli.
56338	24.1.2021	1	G		NV	Hengja brotnaði undan manni við störf í Bláfjöllum sem setti af stað lítið flekaflóð. Manninn sakaði ekki.
56454	26.1.2021	2	T	300	S	Troðari setti af stað breitt og þykkt flekaflóð í Sandfelli, sunnan við skíðalyftuna.
56491	29.1.2021	2	V	400	V	Vélsleði setti flekaflóð af stað í V-vísandi brekku á Kaldbak við Eyjafjörð.
56535	10.2.2021	1,5	T	660	NV	Troðari setti af stað snjóflóð ofan við Tvíburalyftur í Bláfjöllum.
56536	10.2.2021	1	S	600	NNV	Skíðamaður setti af stað snjóflóð með fjarbroti. Enginn lenti í flóðinu.
56602	14.2.2021	2,5	V		VNV	Vélsleði kom af stað flekaflóði í VNV-vísandi hlíð norðan við Hellisheiðarveg.
56659	20.2.2021	1,5	G	635		Tveir göngumenn settu af stað flóð í Skessuhorni á Skarðsheiði. Þeir voru á niðurleið þegar vott nýsnævi 7-10 cm rann undan þeim. Mennirnir bárust með flóðinu og runnu á harðfenninu en grófust ekki og komust af sjálfsdáðum úr flóðinu. Annar slasaðist á ökkla og hinn lemstraðist eitthvað. Þeir þurftu hjálp björgunarsveita til að komast niður.

56743	11.3.2021	2	T	350	S	Troðari setti af stað flekaflóð í sneiðingnum milli Sandfells- og Miðfellslyftu. Skíðasvæðið var lokað þegar flóðið féll.
57132	27.3.2021	2	S		S	Skíðamaður sett af stað flekaflóð með fjarbroti en lenti ekki í flóðinu.
56827	29.3.2021	2	S		SSA	Skíðamaður setti af stað flóð í Traðargili við Hnífsdal. Maðurinn fór með flóðinu en sakaði ekki.
56853	8.4.2021	2	S	530		Skíðamaður setti af stað flekaflóð í Skálafelli og grófst í flóðinu. Manninn sakaði ekki.
56651	10.5.2021	1,5	14	650	NNV	Skíðamaður setti af stað snjóflóð með fjarbroti í Héðinsfjarðardal í Fljótunum N/NV vísandi hlíð.
56894	14.5.2021	2	14			Skíðamenn settu af stað nokkuð breitt flóð í hlíðum Arnfinnsfjalls. Engin slys voru á fólki.


3.6 Snjóflóðadýptarmælingar

Snjódýpt er mæld í hlíðum ofan bæja þar sem snjóflóð geta ógnað byggð. Um er að ræða lóðréttu snjósöfnun sem lesin er af stikum sem komið er fyrir í hlíðum ofan bæjanna. Lesið er af stikum á u.þ.b. tveggja vikna fresti en oftast ef þörf er á. Að neðan eru snjódýptarlínurit frá Neskaupstað, Siglufirði og Bolungarvík sem gefa ágætis mynd af snjósöfnun vetrarins. Lítil snjór var í fjöllum í október en í nóvember tók snjór að safnast í fjöll. Fyrri hluti desember var fremur mildur og mikil rigning á Austfjörðum kom af stað stórum aurskriðum. Eins og sjá má af línuritinu fyrir Neskaupstað rigndi þó eingöngu í neðri hluta fjalla en snjóaði í efri hluta þeirra. Efir miðjan desember bætti töluvert á snjó í flestum landshlutum en í febrúar hófst nýtt hlácutímabil og tók snjó mikið upp á Norðurlandi og Austfjörðum. Hlakan kom af stað krapaflóðahrinum á Austur- og Suðausturlandi.


Í Viðauka I eru einnig línurit frá öllum þeim stöðum þar sem snjódýpt er lesin af stikum.



Mynd 11. Snjódýpt í Tröllagili ofan Neskaupstaðar veturinn 2020–2021. Hæð stiku ofan sjávarmáls er tilgreind aftan við stikunafn.



Mynd 12. Snjódýpt ofan Siglufjarðar veturinn 2020–2021. Hæð stiku ofan sjávarmáls er tilgreind aftan við stikunafn.



Mynd 13. Snjódýpt í Traðarhyrnu í Bolungarvík veturinn 2020–2021. Hæð stiku ofan sjávarmáls er tilgreind aftan við stikunafn.


4 Helstu snjóflóð vetrarins

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir nokkrum markverðum snjóflóðum vetrarins. Margir ólíkir þættir eru skoðaðir til að meta hvort flóð telst markvert. Flóð sem valda eignatjóni eða slysum á fólki teljast alltaf markverð. Stórt snjóflóð þarf hins vegar ekki endilega að teljast markvert ef það fellur í þekktum snjóflóðafarvegi þar sem stór snjóflóð eru tíð. Snjóflóð sem fellur á óvenjulegum stað gæti hins vegar talist markvert þó að það sé ekki stórt. Hverju flóði fylgir kort sem sýnir útlínur eða staðsetningu flóðsins ef útlínur eru ekki til.

Veðuraðdragandi snjóflóðanna er skoðaður út frá mælingum í sjálfvirkum veðurstöðvum. Fyrir hvert flóð eru línurit sem sýna hitastig, uppsafnaða úrkomu, vindhraða og vindátt dagana áður en flóðið féll. Til að fá sem besta mynd eru valdar veðurstöðvar sem næst umræddum flóðum. Hafa verður þó í huga að þar sem stöðvarnar eru ekki staðsettar nákvæmlega þar sem flóðin féllu gefa veðurgögnin aðeins vísbendingar um veðrið á umræddum stað. Landslag og hæð hafa einnig mikil áhrif á úrkomu og má gera ráð fyrir að úrkoma hafi jafnan verið talsvert meiri í upptaka-svæðum snjóflóðanna en línuritin sýna. Ef nákvæm tímasetning er til fyrir tiltekið flóð þá er það teiknað inn á línuritið sem rauð lóðrétt lína. Ef nákvæm tímasetning er ekki til, er áætlað tímabil sýnt sem grænt bil.

4.1 Skarðsdalur, Illviðrishjúkur 20. janúar 2021

Um morguninn 20. janúar bárust fregnir af snjóflóði á skíðasvæðinu í Skarðsdal við Siglufjörð. Starfsmenn urðu varir við að samband við vefmyndavél og veðurstöð hafði rofnað um kl. 8:20 og þegar farið var á leiðis upp á skíðasvæði saust ummerki flóðsins. Vegna yfirvofandi snjóflóðahættu var ekki hægt að fara strax að meta umfang flóðsins. 26. janúar gafst færi á að skoða verksummerki eftir flóðið og mældist það um 1500 m að lengd og um 200 m breitt. Altjón varð á skíðaskálanum og gámaeiningum sem voru notaðar sem geymslur fyrir skíðabúnað. Einnig varð tjón á troðara.




Mynd 14. Útlínur snjóflóðsins í Skarðsdal 20. janúar.



Mynd 15. Altjón varð á skíðaskála og geymslugámum og einnig varð tjón á troðara.

Veðuraðdragandi


Þann 18. janúar gekk í NNA-átt með mikilli ofankomu. Hitastig var fremur milt framan af með slyddu og rigningu á láglandi en svo tók að kólna. Vindhraði jókst þann 19. fram að aðfaranótt 20. og tók svo að læga lítilega og snúast í N-NNV átt um morguninn 20. Mikil jafnfallinn snjór kom á láglandi við Ólafsfjörð í upphafi veðurs voru komnir rúmlega 50 mm af uppsafnaðri úrkomu þegar flóðið féll en á Siglufirði mældust ekki nema um 30 mm.



Mynd 16. Uppsöfnuð úrkoma og hiti á Siglufirði og Ólafsfirði og vindhraði og vindátt úr Grímsey dagana 14.–22. janúar. Lóðréttan línur sýnir hvencær flóðið féll.

4.2 Stekkjarnes í Dalsmynni 21.–22. janúar 2021

Aðfaranótt eða snemma morguns þann 22. janúar féll hraðfara snjóflóð úr gilinu austan við Skarðsdal og braut mikið af skógi. Það var ríflega 1 m þykkt á vegi og stórskemmdi eða eyðilagði sumarbústað á Stekkjarnesi neðan við veginn. Mjög erfitt var að greina útlínur flóðsins, sér í lagi niður undir Fnjóská og gæti flóðið mögulega hafa náð út í hana. Ekkert brotstál sást en flóðið kom greinilega úr gilinu þó ekki sé hægt að útiloka að hluti þess hafi komið úr hlíðunum beggja vegna.




Mynd 17. Útlínur snjóflóðsins við Stekkjarnes 21.–22. janúar.



Mynd 18. Stórtjón varð á sumarbústaðnum Stekkjarnesi.

Veðuraðdragandi

Samfelld norðlæg átt var dagana 18.–25. janúar. Talsverð snjócoma var á köflum og dimmviðri. Næsta sjálfvirka úrkomustöð við Dalsmynni er á Akureyri en þar mældist ekki mikil úrkoma. Mönnuð úrkomustöð er við Þverá í Dalsmynni í tæplega 3 km fjarlægð og má áætla miðað við grafið að það hafi verið komnir um 40–60 mm í mælinn í þessu veðri þegar flóðið féll.



Mynd 19. Uppsöfnuð úrkoma og hiti á Akureyri og vindhraði og vindátt í Grímsey dagana 14.–24. janúar. Einnig er sýnd uppsöfnuð úrkoma á Ólafsfirði og Þverá í Dalsmynni og hita á Óxnadalsheiði. Lóðrétta línan sýnir hvenær flóðið féll með óissumörkum.


4.3 Smiðsgerði 23. janúar 2021

Þann 23. janúar kom í ljós að snjóflóð hafði fallið ofan við bæinn Smiðsgerði í Skagafirði. Ekki er vitað með vissu hvenær flóðið féll en talið líklegt að það hafi fallið um morguninn eða aðfaranótt 23. janúar.

Upptök flóðsins voru líklega efst í upptakasvæðum Smiðgerðisgils en gæti einnig hafa verið í fjallsbrúninni ofan við gilin í fjallinu sem teygir sig upp í um 940 m hæð. Flóðið stöðvaðist niður undir Kolbeinsdalsá um 100 m suðaustan við íbúðarhúsið í u.þ.b. 90 m hæð.

Flóðið tók kofa um 220 m innan og ofan við íbúðarhúsið. Við kofann stóð hrossahópur sem lenti í flóðinu og grófust nokkur þeirra. Fjögur hross drápustrax og eitt þurfti að aflífa. Fleiri hross meiddust og löskuðust og segja eigendur að yngri hrossin hafi þolað áfallið betur en þau eldri. Mikið tjón varð á girðingum ofan bæjarins og barst jarðvegur með flóðinu niður á tún sem hreinsa þurfti burtu. Tré skemmdust og brotnuðu 100–150 m sunnan íbúðarhússins og heyyinnuvélar þar færðust til.

Mjög erfitt var að greina útlínur flóðsins á vettvangi þann 27. janúar en snjóað hafði yfir það. Á vettvangi 26. maí sáust vel ummerki eftir flóðið ofan og sunnan bæjarins, girðingaskemmdir, brotin tré, grjót og jarðvegsskemmdir (plógför). Meginstraumur flóðsins var mjög greinilegur, framburður þess sást vel þar sem snjór var nýfarinn af svæðinu. Með hjálp ábúenda var útlína flóðsins GPS-mæld og metin.




Mynd 20. Útlínur snjóflóðsins við Smiðsgerði 22.–23. janúar.



Mynd 21. Smiðsgerði og Smiðsgerðisgil fyrir ofan bæinn. Erfitt var að greina útlínur flóðsins. Flóðið var mjög þunnt, hraðfara og snjóað hafði ofan í það.

Veðuraðdragandi

